

Stjórnarháttayfirlýsing 2019-2020 Reiknistofa bankanna hf.

Inngangur

Reiknistofa bankanna hf. (RB) varð hlutafélag þann 01.01.2011 en félagið var stofnað 23.03.1973. RB er upplýsingatæknifélag sem þjónustar íslenskan fjármálamarkað. Hlutverk RB er að vera lykil samstarfsaðili sem skapar virði fyrir viðskiptavinum sína með rekstri og þróun örugggra innviða fyrir fjármálamarkaðinn. Framtíðarsýn félagsins er að fyrirtækið sé drifkraftur breytinga og eftirsóttur samstarfsaðili á íslenskum fjármálamarkaði. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2019 var 169

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2019 er með hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015, 5. útgáfu. Leiðbeiningarnar er að finna á vefsíðunni: <http://www.leidbeiningar.is/> og á vefsíðu Viðskiptaráðs www.vi.is

Sem hlutafélag mótast stjórnarhættir RB af fylgni við þau lög og reglur sem almennt gilda um félagsformið ásamt samþykktum RB og öðrum reglum félagsins. Stjórn félagsins uppfærði starfsreglur sínar þann 2. september 2019. Samþykktir RB og starfsreglur stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, www.rb.is

RB hefur hlotið vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt alþjóðastaðlinum ISO/IEC 27001:2013. RB starfar samkvæmt PCI-DSS staðli (Payment Card Industry Data Security Standard) sem tryggir öryggi kortagagna og eru viðmiðunarreglur fyrir fyrirtæki sem meðhöndla greiðslukort af ýmsum toga. RB tekur mið af viðeigandi leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins, eftir því sem við á.

RB hlaut í maí 2019 jafnlaunavottun frá vottunarstofunni iCert, sem er staðfesting þessa að jafnlaunakerfi RB samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins, ÍST85:2012.

RB hlaut í nóvember 2019 viðurkenningu Jafnvægisvogar FKA ásamt 15 öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

RB var á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2019, 5. árið í röð. Fyrirtækið var einnig tilnefnt til verðlauna fyrir framúrskarandi samfélagsábyrgð.

RB gefur árlega út áreiðanleikaskýrslur skv. alþjóðlegum staðli, ISAE 3402. Skýrslurnar byggja á úttekt óháðs aðila á hönnun og virkni innra eftirlits. Úttektir fela í sér umfangsmiklar prófanir á innra eftirliti RB og í niðurstöðuskýrslu er tilgreint hvort eftirlitþættir séu virkir eða ekki.

Í sátt Reiknistofu bankanna hf. og hluthafa hennar við Samkeppniseftirlitið frá 11. maí 2012 koma fram skilyrði sem gilda um RB og hluthafa hennar og sett voru í tengslum við undanþágubeiðni vegna starfsemi RB og samruna við Teris, en sáttin ásamt ákvörðunarorðum er birt á vefsíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is, sjá nánar ákvörðun nr. 14/2012. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2014 var fjallað um afstöðu Samkeppniseftirlitsins til tiltekinna ákvæða sáttarinnar.

Engin opinber stofnun hefur sakað félagið um brot á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál sem beinast að RB er að finna í skýringum með ársreikningi RB.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

RB starfar eins og framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og uppfyllir ákvæði þeirra, með nokkrum undantekningum. Tilnefninganefnd hefur ekki verið stofnuð en getið er um stjórnarkjör í samþykktum félagsins. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna tilnefningarnefndar er því ekki að finna í stjórnarháttayfirlýsingu 2019. Upplýsingar um ársreikninga félagsins, hluthafafundi, fundarboð, fundargerðir og fundargögn eru hluthöfum aðgengileg samkvæmt lögum og samþykktum félagsins, en það er ekki haldið utan um þær upplýsingar á vefsíðu félagsins þar sem félagið er ekki skráð á markaði og er ekki almenningshlutafélag.

Áhættustjórnun, innra eftirlit og innri endurskoðandi

Haldið er utan um stjórnkerfi upplýsingaöryggis og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í alla ferla félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar með reglubundnum hætti. Innbyggð áhætta felst í ýmsum þáttum daglegs rekstrar, eins og útvíkkun á lausnarframboði, stækkun markhóps, uppfærslu grunnkerfa og fleira. Áhættustjórnun og innra eftirlit sem er innbyggt í gæðakerfi félagsins er kerfisbundin en ekki tilfallandi. Til að tryggja að áhættuþættir séu skilgreindir og meðhöndlaðir hefur RB mótað samræmda aðferðafræði við áhættustjórnun. RB notar skýra aðferðafræði til að áhættugreina og mæla áhættu sem tryggir að borin séu kennsl á áhættuna, hún sé metin og loks flokkuð eftir mikilvægi m.t.t. líkinda og mögulegra áhrifa á starfsemi félagsins. Styrk áhættustjórnun er ein af grunnforsendum þess að RB nái að uppfylla stefnu, markmið og hlutverk félagsins. Stjórn RB samþykkti áhættustefnu félagsins 26.06.2019. Stjórn fjallar tvisvar á ári um áhættumat félagsins og var það gert á stjórnarfundum í mars og október 2019. Til að staðreyna virkni innra eftirlits hefur stjórn RB falið innri endurskoðanda félagsins að gera skýrslu um innra eftirlit. Eftirfylgni er með viðbrögðum við athugasemdum eða ábendingum þar að lútandi. Endurskoðunarnefnd stjórnar hefur jafnframt farið yfir áhættustýringu félagsins og fengið áhættumatsskýrslur tvisvar á ári og fer yfir árlega skýrslu innri endurskoðunar RB.

RB hefur verið með samning við PWC til að sinna innri endurskoðun. Innri endurskoðendur leggja fyrir endurskoðunarnefnd áhættumiðaða áætlun. Endurskoðunarnefnd fjallar um áætlunina og samþykkir áður en innri endurskoðandi hefst handa. Innri endurskoðandi skilar skýrslu til endurskoðunarnefndar þar sem hann greinir frá niðurstöðum sínum.

Upplýsingar um gildi, stefnu um samfélagslega ábyrgð og siðferðisviðmið

Gildi RB eru fagmennska, ástríða og öryggi. Gildin snúa að starfsmönnum RB og eiga að leiðbeina þeim í daglegu starfi varðandi ákvarðanir og veitingu þjónustu til viðskiptavina.

FAGMENNSKA – Við leitum stöðugt bestu lausna og sýnum frumkvæði. Við byggjum upp traust og góð sambönd við viðskiptavinum og beitum vönduðum og faglegum vinnubrögðum í störfum okkar.

ÁSTRÍÐA - Við höfum ástríðu fyrir því sem við gerum og leyfum sköpunargleðinni ávallt að njóta sín.

ÖRYGGI - Við leggjum okkur fram við að vera leiðandi og til fyrirmyndar í öryggismálum í allri okkar starfsemi og tryggjum réttleika, tiltækileika og leynd..

Siðferði. RB hefur sett sér siðareglur enda er lögð áhersla á að í starfsemi félagsins skuli ávallt viðhafðir heiðarlegir viðskiptahættir, heilindi og trúverðugleiki. Forðast skal viðskipti þar sem siðferðileg álitamál kunna að koma upp. Stjórnendur skulu ganga á undan með góðu fordæmi og bera sérstaka ábyrgð á að tryggja að starfsmenn kynni sér þær reglur sem um starfsemina gilda og störf sem tengjast verkefnum hvers og eins.

Samfélagsleg ábyrgð. RB hefur mótað stefnu um samfélagslega ábyrgð sem felst m.a. í vistvænni samgöngustefnu, eflingar forritunar- og tæknimenntunnar í grunn- og framhaldsskólum landsins, m.a. með stofnun Forritara framtíðarinnar, samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla og auka áhuga á forritun og hagnýtingu á tækni í skólum landsins, í stuðningi við náttúruverndarsjónarmið með flokkun og endurnýtingu úrgangs og rusls. Loks hefur félagið styrkt góðgerðarmál sem tengjast styrktarfélögum barna vegna sjúkdóma eins og krabbameins, hjartveiki og öðrum bágunum aðstæðum barna. RB kom einnig að stofnun VertoNET, hagsmunasamtaka kvenna í upplýsingatækni á Íslandi.

Persónuvernd. RB er umhugað um persónuvernd og réttindi einstaklinga sem varða persónuupplýsingar. Persónuverndaryfirlýsingu RB er að finna á vefsíðu RB. RB hefur jafnframt starfandi persónuverndarfulltrúa. Nánari upplýsingar um persónuvernd má finna á vefsíðu RB.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, undirnefnda stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar sem kjörnir eru á aðalfundi. Aðalfundur kýs jafnmarga varastjórnarmenn. Varamenn skulu kallaðir inn þannig að þeir taki sæti þess stjórnarmanns sem tilnefndur er. Stjórnarkjör er löglegt ef hlutfall hvors kyns er ekki lægra en 40%. Um hæfi þeirra fer að lögum. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs sér formann úr sínum hópi. Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og voru 17 stjórnarfundir haldnir á starfsárinu, þar af einn fundur án aðkomu stjórnenda félagsins. Allir stjórnarmenn tóku þátt í öllum fundum með mætingu eða með fjarfundarbúnaði, fyrir utan tvö tilvik þegar sitthvort stjórnarmaðurinn var fjarverandi á sitthvorum fundinum.

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd fyrir komandi starfsár í samræmi við starfsreglur stjórnar. Hvor nefnd er skipuð þremur fulltrúum, formanni, sem er utanaðkomandi sérfræðingur á verksviði nefndarinnar, auk tveggja stjórnarmanna. Hlutverk og starfsáætlun endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar er að finna á vefsíðu félagsins, www.rb.is. Sjö fundir voru haldnir í endurskoðunarnefnd á starfsárinu og fundaði nefndin jafnframt einslega m.a. um sjálfsmat. Auk þess var einn sameiginlegur fundur með stjórn RB. Allir nefndarmenn í endurskoðunarnefnd tóku þátt í öllum nefndarfundum á starfsárinu. Starfskjaranefnd hélt fimm fundi á starfsárinu og átti einn

sameiginlegan fund með stjórn. Nefndarmenn tóku þátt í öllum fundum. Starfskjaranefnd hefur framkvæmt sjálfsmat.

Forstjóri stýrir daglegum rekstri RB og framkvæmd annarra ákvarðana sem stjórn hefur falið honum. Stjórn félagsins annast ráðningarkjör forstjóra, en getur falið formanni að annast samninga við forstjóra. Kveðið er á um hlutverk stjórnar og forstjóra í starfsreglum stjórnar. Forstjóri er formaður framkvæmdastjórnar en auk hans sitja í framkvæmdastjórn fimm framkvæmdastjórar starfssviða RB. Á árinu var Fjármála og verkefnastofa sameinuð mannauði og í kjölfari þess fækkaði framkvæmdastjórum um einn. Lögfræðingur félagsins situr jafnframt framkvæmdastjórnarfundum. Skipurit RB er að finna á www.rb.is. Framkvæmdastjórn hélt að jafnaði fundi vikulega á árinu 2019.

Stjórn

Í stjórn RB sitja óháðir aðilar sem hvorki eru starfsmenn hluthafa eða dótturfélaga þeirra, né stjórnarmenn í þeim félögum. Stjórnarmenn eiga engan hlut í félaginu og hafa þeir ekki tekið að sér önnur verkefni fyrir félagið en þau sem teljast til hefðbundinna stjórnarstarfa og starfa undirnefnda stjórnar. Stjórnarmenn eiga í dag ekki hlut í þeim félögum sem eiga eignarhlut í RB. Stjórnarmenn eru óháðir stjórnendum RB og daglegum störfum hluthafa félagsins.

Á aðalfundi RB í mars árið 2019 voru eftirfarandi aðilar kosnir í aðalstjórn:

Sævar Freyr Þráinsson, stjórnarformaður

Sævar Freyr hefur starfað sem bæjarstjóri Akraneskaupstaðar frá 2017. Sævar Freyr var forstjóri 365 miðla frá árinu 2014 en starfaði hjá Símanum frá 1995. Hann var forstjóri Símans í rúm sex ár frá 2007 til 2014. Þar áður var hann framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og á undan því framkvæmdastjóri farsímasviðs. Fram að því hafði Sævar Freyr stýrt ýmsum deildum Símans og borið m.a. ábyrgð á þróun, sölu- og markaðsmálum, vörustjórnun, viðskiptastýringu og gagnalausnum. Sævar Freyr hefur setið í stjórn tólf upplýsingatækni- og fjarskipta fyrirtækja í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Bretlandi og á Íslandi, ásamt því að hafa verið í stjórn Viðskiptaráðs Íslands, Íslenska Sjávarklasans, Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar og Knattspyrnufélags ÍA.

Sævar Freyr situr í stjórn Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og góðgerðarfélagins Club 71.

Sævar Freyr lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995.

Sævar Freyr var kosinn í stjórn RB í mars 2018.

Anna Bjarney Sigurðardóttir

Anna Bjarney hefur starfað sem framkvæmdastjóri fjármála, mannauðs og tækni hjá RÚV frá 2014. Hún var áður framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Landsbankans frá 2008 - 2011, forstöðumaður

útibúaþróunar hjá Landsbankanum frá 2003-2008 og forstöðumaður áætlaða- og rekstrareftirlits hjá Búnaðarbankanum frá 1998-2003. Fram að því starfaði Anna við verkefnastjórn og ýmis sérfræðistörf hjá Búnaðarbankanum. Anna sat í stjórn tryggingafélagsins Varðar og Varðar Líftrygginga frá 2008-2011, í stjórn SP-fjármögnunar frá 2008-2011 og í stjórn Rekstrarfélags Virðingar frá 2014-2018.

Anna Bjarney er viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands og með MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum frá sama skóla.

Anna Bjarney var kosin í stjórn RB í mars 2018.

Ásthildur Sturludóttir

Ásthildur hefur starfað sem bæjarstjóri á Akureyri frá 2018 en var áður bæjarstjóri Vesturbyggðar frá 2010. Þar áður var hún verkefnisstjóri á skrifstofu rektors við Háskóla Íslands, verkefnisstjóri hjá Portus ehf. (félag um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss), framkvæmdastjóri samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og verkefnisstjóri atvinnuþróunarfélags Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV-þróun og ráðgjöf). Ásthildur sat í stjórn RÚV ohf. þar til í maí 2016 og í stjórn Byggðastofnunar frá 2014-2016.

Ásthildur er menntaður stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og stjórnsýslufræðingur (MPA) frá PACE University í New York í Bandaríkjunum.

Ásthildur hefur setið í stjórn RB frá 2016.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Sigrún Ragna er sjálfstætt starfandi ráðgjafi með víðtæka stjórnunarreynslu. Sigrún Ragna var forstjóri Vátryggingarfélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands árin 2011-2016 og forstjóri Mannvits 2017-2018. Hún var framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka 2008-2011 og endurskoðandi, meðeigandi og stjórnarformaður hjá Deloitte og hjá Stoð endurskoðun árin 1987-2007.

Sigrún Ragna er stjórnarformaður Stefnis og Auðkennis og stjórnarmaður í Creditinfo Group og Creditinfo Lánstrausti.

Sigrún Ragna sat í stjórn Viðskiptaráðs 2012-2020 og var um árabíl í stjórn SFF og SA.

Sigrún Ragna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, löggiltur endurskoðandi og með MBA frá Háskólanum í Reykjavík.

Sigrún Ragna hefur setið í stjórn Reiknistofu bankanna frá 2019

Ingi Örn Geirsson

Ingi Örn starfaði sem Business Analyst og deildarstjóri í Samningastjórnun hjá Landsbankanum frá 2007-2018.

Þar áður var Ingi Örn framkvæmdastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs hjá Kaupþing banka frá 2003-2007 og forstöðumaður tölvudeildar Búnaðarbanka Íslands frá 1985-2003. Ingi Örn starfaði hjá Reiknistofu bankanna á árunum 1977-1985.

Ingi Örn er menntaður í rekstarhagfræði og tölvunarfræði frá Lunds Universitet.

Ingi Örn sat í stjórn Reiknistofu bankanna 2003-2006 og hefur nú setið í stjórn Reiknistofu bankanna hf. frá 2019.

Varamenn

Á aðalfundi RB í mars árið 2018 voru eftirfarandi aðilar kosnir í varastjórn:

Ebba Þóra Hvannberg, Einar Þ. Harðarson, Gestur Þórisson, Gunnlaug Ottesen og Hákon Gunnarsson.

Sérstök hæfisskilyrði stjórnarmanna samkvæmt sátt RB og hluthafa við Samkeppniseftirlitið

Í 2. gr. sáttar félagsins og hluthafa við Samkeppniseftirlitið sem undirrituð var þann 11. maí 2012 er að finna sérstök hæfisskilyrði varðandi stjórnarmenn í félaginu, en greining hljóðar svo: „*Að minnsta kosti einn stjórnarmanna Reiknistofu bankanna skal vera óháður einstökum hluthöfum félagsins. Sé stjórnarmaður fulltrúi ákveðins hluthafa í Reiknistofu bankanna, sem jafnframt er fjármálafyrirtæki, skal viðkomandi stjórnarmaður hvorki vera starfsmaður eða stjórnarmaður þess fjármálafyrirtækis né nokkurs dótturfélags þess. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá hluthöfum félagsins, eða fyrirtækjum sem hluthafi á meira en 15% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða í framkvæmdastjórn hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar.*“

Allir stjórnarmenn RB hafa staðfest hæfi sitt samkvæmt sáttinni.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn RB til að sinna tilteknum verkefnum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Aðal hlutverk nefndarinnar er 1) mat á eftirlitsumhverfi félagsins og fyrirkomulagi áhættustýringar, 2) greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda ásamt mati á óhæði endurskoðanda og 3) tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Endurskoðunarnefnd RB skipa Sigurður Þórðarson, formaður, Anna Bjarney Sigurðardóttir og Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Starfslýsing nefndarinnar er birt á heimasíðu RB www.rb.is

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd er skipuð af stjórn RB til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu RB sem samþykkt er á aðalfundi félagsins. Hlutverk starfskjaranefndar eru meðal annarra: Útbúa starfskjarastefnu félagsins sem samþykkt er af stjórn

félagsins og jafnframt lögð fram til afgreiðslu á aðalfundi félagsins; tryggja að laun og önnur starfskjör séu samkeppnishæf og að við ákvörðun þeirra sé horft til ábyrgðar og árangurs starfsmanna; vera ráðgefandi við stjórnarformann við að ganga frá ráðningu eða starfslokum forstjóra. Nefndin er forstjóra jafnframt ráðgefandi við ráðningu eða starfslok framkvæmdastjóra; við ákvörðun um starfskjör stjórnenda ætti ekki aðeins að taka mið af starfskjörum jafningja þeirra í öðrum félögum heldur einnig af starfskjörum annarra starfsmanna félagsins til að tryggja samræmda og sanngjarna starfskjarastefnu innan félagsins; vera forstjóra innan handar í verkefnum er snúa að starfskjörum félagsins hverju sinni. Starfskjaranefnd RB skipa Margrét Guðmundsdóttir, formaður, Ásthildur Sturludóttir og Ingi Örn Geirsson. Starfslýsing nefndarinnar er birt á heimasíðu RB www.rb.is

Forstjóri

Ragnildur Geirsdóttir, forstjóri

Ragnildur Geirsdóttir er forstjóri RB. Hún hóf störf í janúar 2019. Hún var áður aðstoðarforstjóri WOW Air. Þar áður var Ragnildur framkvæmdastjóri rekstrar og upplýsingatækni hjá Landsbankanum í fimm ár og forstjóri Promens í rúm fimm ár. Þar áður starfaði Ragnildur hjá Icelandair/Flugleiðum í sex ár og gegndi stöðu forstjóra í lok þess tíma.

Ragnildur er verkfræðingur og viðskiptafræðingur að mennt. Hún lauk CS prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 1995, MS prófi í iðnaðarverkfræði frá Háskólanum í Wisconsin árið 1996 og MS prófi í viðskiptafræði frá sama skóla 1998.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat (sjálfsmat) í lok starfsársins í febrúar 2020 vegna starfa sinna á liðnu starfsári. Árangursmatið var framkvæmt með aðstoð sérfræðinga frá KPMG. Stjórn fjallaði um niðurstöðurnar á sérstökum fundi og setti fram umbótaverkefni til að vinna að í framhaldi af því.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samþykktum félagsins er ákvæði um samskipti sem stjórn ákveður að félagið eigi við hluthafa svo sem boðun hluthafafunda, greiðsla arðs eða aðrar tilkynningar og er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts heimiluð. Félagstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsingu þessari er ætlað eftir bestu vitund að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Reiknistofu bankanna hf. þann 9. mars 2020.